

Alþingi  
Erindi nr. P 121/2071  
komudagur 9.5.197

O R Ð S E N D I N G

Til landbúnaðarnefndar Alþingis  
Frá Jóni Höskuldssyni, landbúnaðarráðuneytinu



Efni: Frumvarp til laga um breyt. á lögum um afréttamálefni,  
fjallskil o.fl.

Vísað er til draga að nefndaráliti, sem afhent var á fundi nefndarinnar í morgun. Þar er lögð til breyting á frumvarpi landbúnaðarráðherra í þá veru að skylt sé að brennimerka allt ásett sauðfé og geitfé, eða plötumerkja.

Texti frumvarpsins, eins og það var lagt fram miðar að því að skylt verði að plötumerkja, en heimilt væri jafnframt að nota númer og tákn í brennimarki. Ljóst er að brennimark sem búfjármark er á undanhaldi, en notkun plötumerkja á hinn hefur farið vaxandi. Sjónarmið um að skylda til að plötumerkja allt sauðfé er upphaflega komin frá Landssamtökum sauðfjárbanda, sbr. meðfylgjandi bréf til markanefndar dags. 18. nóvember 1996. Í framhaldi af þessari ályktun lagði markanefnd til við ráðuneytið að skylda til að plötumerkja yrði lögfest.

Það sem plötumerki hafa fram yfir brennimörk er fyrst og fremst það að merkin eru af mismunandi lit eftir svæðum landsins, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. einnig meðfylgjandi litarkort sem er viðauki við núgildandi reglugerð. Það skiptir miklu máli vegna sjúkdóma og hættu á útbreiðslu þeirra, og einnig í baráttunni við útrýmingu á riðuveiki, að auðvelt sé að átta sig á flökkukindum, t.d. í réttum, áður en samgangur verður.

Markanefnd,  
Jón Höskuldsson, formaður,  
Landbúnaðarráðuneytinu,  
Sölvhólsgötu 7,  
150 Reykjavík.

Útvef. 252	Áb.m. L
Afrit:	
Innk. 26 NOV 1996	
Dags. afg.:	
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	


A aðalfundi L. S. 1996 var eftirfarandi samþykkt:

-Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda, haldinn að Laugarvatni 18.-19. ágúst 1996, samþykkir að eigendur sauðfjár verði skyldaðir til þess að hafa lituð eyrnamerki í fullorðnu fé samkvæmt markaskrá.-

Með bestu kveðjum.

Arnarholti, 18. 11. 1996.

F. h. Landssamtaka sauðfjárbænda,



Arnór Karlsson, formaður,

Arnarholti,

Biskupstungum, Arn.


801 Selfoss.

Sími (tal og bréf): 486 88 89.

### Varnarsvæði:

1. Landnámshólf
2. Borgarfjarðarhólf syðra
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf syðra
8. Dalahólf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Miðvestfjarðahólf
12. Vestfjarðahólf
13. Rauðasandshólf
14. Arnarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vatnsnesshólf
17. Húnahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálfandahólf
23. Óxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Norðausturlandshólf
26. Héraðshólf
27. Austfjarðahólf
28. Suðurfjarðahólf
29. Suðursveitarhólf
30. Óræfahólf
31. Síðuhólf
32. Skaftártunguhólf
33. Áltavershólf
34. Mýrdalshólf
35. Rangárvallahólf
36. Árnesshólf

### Litamerking búfjár á Íslandi Svæðaskipting



Tilraunastöðin á Keldum  
og Sauðfjárveikivarnir.

